

Hvernig finn ég námsbókina mína?

Hægt er að sjá hvort bók er skráð á námsbókasafn á leitir.is. Þar er einnig hægt að sjá hversu langur lánstíminn er og í hvaða námskeið bókin er skráð.

Hér fyrir neðan er sýnishorn af því hvernig upplýsingar um efni í námsbókasafni birtast á leitir.is:

< TIL BAKA Í STAÐSETNINGAR

STAÐSETNING GAGNA

Lbs-Hbs Þjóðarbókhlaða
Aðgengilegt, Námsbókasafn (332.109491 Þór)

Staða / Skiladagur í hillu L...	Lánstími Innanhússlán
Námsbókasafn 332.109491 Þór	Efnistegund: Bók
	Strikamerki: 22590710
	Staðsetning 2: SAG201G

Bókin er skráð á Námsbókasafn, lánstími er innanhúslán og neðst í Staðsetning 2 sést hvaða námskeiði bókin tilheyrir.

Upplýsingar og aðstoð: namsbokasafn@landsbokasafn.is

Almennar upplýsingar um þjónustu safnsins og rafræn söfn er að finna á www.landsbokasafn.is



Námsbókasafnið er á 4. hæð í Þjóðarbókhöðu. Námsbókasafnið er safn bóka og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tilteknum námskeiðum.

Hvað er námsbókasafn?

Námsbókasafn er safn bóka, mynddiska og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengi-legt nemendum í tilteknum námskeiðum. Námsbókasafnið er að finna fremst þegar komið er inn á 4. hæð safnsins.

Hvernig er námsbókasafnið skipulagt?

Aðgangur að námsbókasafni er opinn. Námsbókasafninu er raðað niður eftir fræðasviðum HÍ og síðan eftir deildum innan fræðasviðs. Námskeiðið sem þú leitar að finnur þú í merktri hillu í þinni deild. Myndiskar eru ávallt geymdir bakvið afgreiðslu- borðið á 4. hæð, því þarf að spyrja sérstaklega eftir þeim í afgreiðslunni.

Hvernig nota ég námsbóka- safnið?

Efni á námsbókasafni er eingöngu ætlað þeim sem stunda nám við Háskóla Íslands. Bækurnar eru aðgengilegar í hillum þannig að nemendur finna sjálfir þær námsbækur sem þeir þurfa að nota.

Hvernig tryggji ég góða samnýtingu?

Mjög áriðandi er að allt efni sem er til notkunar á staðnum rati aftur á sinn stað svo aðrir nem- endur geti nýtt sér það. Fleiri eintök eru til af sumum bókum og eru þær þá staðsettar annars staðar í safninu og til almennra útlána.

Hvar skila ég bókum úr náms- bókasafni?

Ef bókin er merkt **notkun á staðnum** þá er henni skilað á skilavagna sem standa við afgreiðsluborðið á 4. hæð. Ef bókin er merkt öðrum lánstíma þá er henni skilað í afgreiðsluna á 2. hæð eins og öðru efni.

Er hægt að panta bók eða framlengja lánstíma?

Ekki er hægt að taka frá efni í námsbókasafni. Aðeins er hægt að framlengja lánstíma ef skrif- legt leyfi frá kennara liggur fyrir.

Hvað má ég hafa bækurnar lengi?

Allar bækur á námsbókasafni eru merktar með miðum í mis- munandi litum sem tákna lánstíma:

- *Rauður miði: Notkun á staðnum*
- *Bleikur miði: Dægurlán*
- *Blár miði: 3ja daga lán*
- *Gulur miði: 7 daga lán*
- *Grænn miði: 2ja vikna lán*

Vinsamlegast takið tillit til samnemenda.

Afar áriðandi er að gögnum sé skilað á réttum tíma.

Dagsektir eru 300.- á dag fyrir hvert eintak.